

Yfirlýsing

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, sem lánveitandi, hefur samþykkt áframhaldandi frestun á greiðslu afborgana og vaxta langtímalána Íslandshótela hf., dótturfélaga og systurfélags Íslandshótela.

Frestun afborgana og vaxta langtímalána hjá lánveitanda á við um eftirfarandi félög í samstæðu Íslandshótela (hér eftir nefnd sameiginlega lántakar) hjá lánveitanda:

Íslandshótel hf., kt. 630169-2919,
Austureignir ehf., kt. 671016-0840,
Norðureignir ehf., kt. 461195-2029,
Suðureignir ehf., kt. 470897-2449,
Vestureignir ehf., kt. 700516-0320,
Fosshótel Reykjavík ehf., kt. 691209-4740.

Frestun afborgana og vaxta, sem veitt var í apríl 2020, verður framlengd til júlí 2021.

Vinna er hafin við gerð viðauka við langtímalán lántaka hjá lánveitanda vegna frestunar afborgana og vaxta og áætlað að henni verði lokið fyrir næstu gjalddaga lántaka sem eru í október 2020.

Í viðaukunum verður einnig undanþága á þann veg að lánveitandi mun ekki krefjast gjaldfellinga á lánum lántaka þó svo að lántakar standist ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem sett eru í lánssamningum út árið 2021.

f.h. Íslandsbanka hf.



Íslandsbanki hf.

Jón Anton Jóhannsson